

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. janúar 1961.

Nr. 81/1960. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller hrl.)

gegn

Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted

(Sigurður Ólason hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Ákærði ók bifreið, eftir að honum hafði verið dæmd svipting ökuleyfis.

Dómur Hæstaréttar.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 6. marz 1959 var ákærða dæmd varðhaldsrefsing fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum og hann sviptur ökuleyfi ævilangt. Dómur þessi var birtur ákærða 23. s. m., og var honum síðar áfrýjað til Hæstaréttar, sem með dómi, upp kveðnum í dag, sýknaði ákærða af framangreindri ákæru. Ákærði var enn með ökuskírteini sitt í sínum vörzlum, þegar hann var tekinn við akstur 12. nóvember 1959, en vegna þess aksturs er ákærði í máli þessu sóttur til refsingar fyrir brot á 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 frestar áfrýjun dóms ekki áhrifum hans, að því er varðar sviptingu ökuleyfis. Með framangreindum akstri hefur ákærði því brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem greind eru í ákæruskjali, og breyta úrslit framangreinds hæstaréttarmáls engu þar um. Eftir málavöxtum og þá sérstaklega með tilliti til þess, að eigi var gerð gangskör að því, að ákærði afhenti lögregluþfyrirvöldum ökuskírteini sitt samkvæmt 7. mgr. 81. gr.

umferðarlaga nr. 26/1958, þykir þó mega ákveða, að ákærði sæti sektarrefsingu fyrir þetta brot sitt, sbr. 3. tl. 74. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Ákveðst sektin 1000 krónur, er renni í ríkissjóð, og komi varðhald 5 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Bjarnason Melsted, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Sigurðar Ólasonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. febrúar 1960.

Ár 1960, miðvikudaginn 3. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Friðkirkjuvegi 11 af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1420/1960: Ákærvaldið gegn Gunnlaugi B. Melsteð, sem dómtekið var 27. janúar s.l.

Mál þetta er að fyrirlagi Dómsmálaráðuneytisins höfðað með ákæruskjali, dagsettu 18. desember 1959, á hendur Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted trésmið, Rauðarárstíg 3, hér í bæ, fyrir að hafa, sviptur ökuréttindum ævilangt, ekið bifreiðinni G 440 um Skúlagötu um kl. 2330 fimmtudaginn 12. nóvember s.l.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er hinn 5. maí 1908 að Framnesi, Skeiðum, hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1931 28/5 Sátt, sekt, 30 kr., fyrir ógætilegan akstur og árekstur.
 — 22/6 Sátt, sekt, 50 kr., fyrir brot á bifreiðalögum.
 1939 14/8 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
 1941 3/2 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18/1901, sbr. lög nr. 49/1933.
 1947 22/9 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
 1948 19/11 Dómur lögregluréttar, 1000 kr. sekt og sviptur ökuskríteini í 3 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
 1950 6/2 Staðfest í Hæstarétti.
 1951 17/4 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
 1952 8/8 Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og vangreiðslu ökugjalds.
 1954 27/2 Kærður fyrir vanskil. Fellt niður.
 1954 28/4 Dómur, 2500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 2 ár fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
 1956 13/2 Sátt, 3000 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. bifreiðalaga.
 1957 17/9 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. bifreiðalaga.
 1959 6/3 Dómur, 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.

Málsatvik eru þau, að ákærði ók bifreiðinni G 440 um Skúlagötu og Rauðarárstíg hinn 12. nóvember 1959 um kl. 2330. Á þeim slóðum var þá í umferðareftirliti Erlendur Sveinsson, lögregluþjónn nr. 79. Lögregluþjónninn stöðvaði akstur ákærða og spurðist fyrir um ökuskírteini, sem ákærði náði í heim til sín og sýndi lögreglumanninum.

Lögregluþjónninn, sem hafði grun um, að ákærði hefði ekki ökuréttindi þrátt fyrir handhöfn ökuskírteinis, grennslaðist nú fyrir um, hvort svo væri. Spurðist hann fyrst fyrir um það á lögreglustöðinni og síðan í sakaskrá ríkisins, og fékk þar staðfestan grun sinn, þar sem honum var tjáð, að ákærði hefði verið sviptur ökuréttindum ævilangt, er umræddur akstur fór fram.

Fyrir dómi hinn 14/11 s.l. skýrði ákærði svo frá, að hann teldi sig hafa full ökuréttindi, þar eð enn væri eigi genginn dómur í sakadóm Reykjavíkur í máli því, er ákæruvaldið hefði höfðað á hendur sér s.l. vetur fyrir meint áfengis- og umferðarlagabrot.

Haft var nú þegar samband við sakaskrá ríkisins og fengnar þær upplýsingar, að ákærði hefði verið sviptur ökuréttindum

ævilangt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 6/3 1959. Brýnt var þá þegar fyrir ákærða að aka eigi bifreið framvegis, þar eð hann væri nú sviptur ökuleyfi sínu ævilangt. Sama dag var lagt fram í réttinum afrit (mynd) af dómsorði sakadóms Reykjavíkur frá 6. marz 1959 ásamt áritun á skjalið þess efnis, að dómurinn væri nægjanlega birtur, undirritað af ákærða hinn 23. marz s.l. og undirskrifað í viðurvist dómara þess, er fjallaði um málið, Ármanns Kristinssonar, og vottfest af Haraldi Jóhannessyni lög-
regluþjóni.

Er ákærða í þessu máli var birt ákæruskjalið og jafnframt sýnd mynd af dómsbirtingunni, þekkti hann þar undirskrift sína.

Rétturinn lítur svo á, að margnefndur dómur sakadóms Reykjavíkur frá 6. marz 1959 hafi verið birtur á venjulegan og fyllilega löglegan hátt hinn 23. marz 1959, sbr. dskj. nr. 2, og þykir því mótbára ákærða þess efnis, að honum hafi ekki verið birtur dómurinn, eigi hafa við rök að styðjast.

Þá er og þess að geta í því sambandi, að hinn skipaði verjandi ákærða segir svo í hinni skriflegu málsvörn sinni:

„Þegar skjst.m. síðan fór með skjöl þessi til lögmanns síns, Hauks Jónssonar, sá hann, hvað í efni var, og benti honum á, að héðan af yrði engu um þokað nema með áfrýjun. Kom hann þá með málið til mín og bað mig að ganga í að áfrýja málinu, sem ég gerði án tafar.“

Viðurkenning um birtingu áfrýjunarstefnu til Hæstaréttar fer fram 4. september 1959, eða röskum 2 mánuðum áður en umræddur akstur ákærða fór fram.

Ákærði þykir því með aksti sínum hinn 12/11 s.l. hafa gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, er í ákæruskjali greinir og þar eru rakin.

Hæfileg refsing ákærða ákveðst 10 dagar í varðhaldi.

Þá greiði ákærði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar, kr. 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Bjarnason Melsted, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði greiði allan málskostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 800.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.